

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 218/1989. **Ingólfur Hjartarson og**

Kristján Ólafsson

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

Þrotabúi Miðfells hf.

(Othar Örn Petersen hrl.).

Greiðslustöðvun. Þóknun aðstoðarmanns. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1989. Gera þeir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og viðurkennd verði sem forgangskrafa í hið stefnda þrotabúi Miðfells hf. sameiginleg krafa þeirra á hendur þrotabúinu, að fjárhæð 552.972 krónur. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hlutafélagið Miðfell naut heimildar til greiðslustöðvunar á tímabilinu frá 29. október 1987 fram til 28. mars 1988, en þann dag var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur samkvæmt beiðni félagsstjórnar. Var heimildin veitt til þriggja mánaða með úrskurði skiptaréttarins fyrstnefndan dag, en síðan framlengd um tvo mánuði með úrskurði 28. janúar 1988. Áfrýjendur eru lögmenn og starfa saman á lögfræðistofu í Reykjavík. Voru þeir báðir ráðnir til þess af stjórn félagsins að vera því til aðstoðar við greiðslustöðvunina í samræmi við 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og gegndu þeir starfanum allt tímabilið.

Í máli þessu krefjast áfrýjendur forgangsréttar í þrotabúi Miðfells hf. fyrir lýstri kröfu sinni vegna þóknunar fyrir þennan starfa, þ.e. fyrir vinnu sína og starfsfólks lögfræðistofunnar vegna aðstoðar við stjórn og framkvæmdastjóra félagsins, meðan á greiðslustöðvun stóð, eins og segir í bréfi þeirra, sem barst skiptaráðanda 16. júní

1988. Samkvæmt reikningi áfrýjenda til stjórnar Miðfells 25. mars 1988 nam heildarþóknun þeirra 2.300.000 krónum eða alls 2.553.000 krónum að viðbættum sérstökum söluskatti, og var þóknunin tiltekin í einu lagi. Á krafan við ógreiddan hluta þessa reiknings, 552.972 krónur, sem eftir stóð að fráðregnum þremur innborgunum til stefndu, að fjárhæð samtals 2.000.028 krónur.

Áfrýjendur höfðu ekki leitað álits skiptaráðanda um þóknun sína sem aðstoðarmanna, áður en reikningur þeirra var gerður, enda er ekki mælt um skyldu til þess í lögum. Í reikningnum segir efnislega, að hann sé gerður á grundvelli samkomulags við stjórn Miðfells hf. um tilhögun þóknunar fyrir aðstoð áfrýjenda og með hliðsjón af A-lið og 1. mgr. B-liðar í 14. gr. þágildandi gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Umræddar innborganir vegna reikningsins áttu sér stað í febrúar og mars 1988. Um þær segja áfrýjendur, að þeir hafi ekki áskilið greiðslur fyrir vinnu sína jafnóðum með tilliti til þess, að hjá Miðfelli hf. þurftu launagreiðslur til starfsmanna að ganga fyrir framan af greiðslustöðvunartímanum. Hafi þeir síðan gert það að ósk framkvæmdastjóra að taka við greiðslum í formi krafna á þriðja aðila, þegar svigrúm hafi orðið til.

Kröfu sína um forgangsrétt reisa áfrýjendur á 9. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sem hér eiga við samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga. Undir þann tölulið fellur: „Sanggjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.“ Ákvæði þetta kom upphaflega inn í skiptalög með 4. gr. laga nr. 32/1974, áður en reglur um greiðslustöðvun í II. kafla laga nr. 6/1978 komu til sögunnar. Var ákvæðinu ætlað að styðja við tilraunir einstaklinga og félaga, sem ættu í fjárhagsörðugleikum, til að koma bættri skipan á fjármál sín. Samkvæmt þessum tilgangi ákvæðisins er eðlilegt, að því verði beitt eins og við á um þóknun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun, er lögfest var sem úrræði til að veita svigrúm til ráðstafana af þessu tagi. Í samræmi við þetta ber að skýra 9. tl. 84. gr. skiptalaga á þann veg, að orðin „upphaf skipta“ eigi þar við töku bús til gjaldþrotaskipta, en ekki við frestdag, sem markast af greiðslustöðvun.

Jafnframt ber að gæta forsögu ákvæðisins við skýringu þess með tilliti til greiðslustöðvunar að öðru leyti. Samkvæmt tilgangi hennar sýnist almennt rétt að líta svo á, að sérhver þóknun vegna starfa, sem telja megj eðlilegan þátt í hlutverki aðstoðarmanns, geti eftir atvikum notið forgangsréttar eftir ákvæðinu.

Með kröfulýsingu sinni hafa áfrýjendur í reynd lagt það á vald skiptaráðanda að úrskurða um reikninginn á grundvelli fyrrnefnds lagaákvæðis, þar sem krafan um forgangsrétt höfðar til reikningsins í heild. Af hálfu stefnda er og á því byggt, að skiptaráðanda beri að úrskurða í máli þessu, hver sé sanngjörn þóknun áfrýjenda vegna aðstoðarmannsstarfans. Eigi að hafna kröfum þeirra í þrotabúið fyrir þá sök, að þessi þóknun hljóti að vera miklum mun lægri en sú fjárhæð reikningsins, sem áfrýjendur hafa þegar fengið greidda. Með tilliti til þessa og til atvika málsins má fallast á það með skiptaráðanda, að afstaða verði tekin til þess, að hvaða leyti reikningskrafa áfrýjenda njóti forgangsréttar samkvæmt 9. tl. 84. gr. skiptalaga.

Viðhorf málsaðila varðandi deiluefnið eru rakin í aðalatriðum í hinum áfrýjaða úrskurði. Um störf sín vísa áfrýjendur meðal annars til skýrslna frá sér og framkvæmdastjóra til stjórnar félagsins, sem lagðar voru fram við skiptaráðanda. Leggja þeir áherslu á, að störfín hafi orðið umfangsmikil miðað við það, sem almennt gerist, meðal annars vegna þess, að nýskipaður framkvæmdastjóri þurfti að ráða fram úr málum fyrirtækisins án stuðnings frá forvera sínum og aðalhluthafa félagsins, auk þess sem fyrir lá, að breyting á starfsemi félagsins yrði mjög veruleg og umsvif þess skorin niður. Óhjákvæmilegt hafi verið að ráðast að þeim vanda, hvernig ljúka mætti verkefnum fyrirtækisins samkvæmt gildandi samningum án meiri háttar áfalla. Án átaks í því efni hafi verið tilgangslaust að ræða við lánardrottna um endurskipulagningu á fjármálum félagsins eða reyna að fá aðra verktaka til samstarfs. Markmiðum þeim, sem að var stefnt með greiðslustöðvuninni, hafi verið fylgt eftir allt tímabilið. Hafi virst raunhæft að ætla allt fram í marsmánuð 1988, að ná mætti lausn á vanda félagsins með samningum við skuldheimtumenn og sölu eigna.

Áfrýjendur mótmæla því, að störf þeirra og framkvæmdastjóra að lúkningu verksamninga hafi einkum verið unnin með hagsmuni

hluthafa félagsins fyrir augum. Þvert á móti hafi þeir gert ráð fyrir, að með þessu yrðu lánardrottnum sparaðir miklir fjármunir, þar sem starfsmenn Miðfells hf. hafi þegar verið komnir á uppsagnarfrest á þeim tíma, sem nýttur var til að ljúka verkunum. Benda áfrýjendur á þá staðreynd, að nær engum launakröfum var lýst í þrotabú félagsins.

Af hálfu stefnda er réttur áfrýjenda til þóknunar og forgangs hennar vegna einkum vefengdur með þeim rökum, að tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. hafi ekki verið líklegar til að bera árangur og gjaldþrot félagsins í reynd verið óumflýjanlegt. Hafi störf áfrýjenda að miklu leyti beinst að öðru en viðræðum við lánardrottna, eins og á sé byggt í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar.

Sem aðstoðarmenn Miðfells hf. virðast áfrýjendur hafa tekið tiltölulega virkan þátt í fjárhagslegum ráðstöfunum félagsins á greiðslustöðvunartímanum, og gerði framkvæmdastjóri sér far um að hafa við þá náið samráð. Verður ekki talið, að starfið hafi með þessu horfið úr þeim farvegi, sem forgangsréttur þóknunar nær yfir. Á það má fallast í meginatriðum, að vinna áfrýjenda að uppgjöri verksamninga hafi í reynd verið eðlilegur þáttur í aðstoðarmannsstarfinu, og hafi þær ráðstafanir félagsins verið meðal forsendna að árangri af greiðslustöðvuninni. Ekki er vefengt, að könnun á stöðu félagsins hafi verið fyrirhafnarsöm, og á það verður ekki fallist, að störf áfrýjenda að beinum viðræðum við lánardrottna hafi verið óveruleg. Er einnig ósannað, að stöðu félagsins hafi mátt meta svo, að engar líkur væru á árangri af þeim viðræðum. Jafnframt verður ekki séð, að áfrýjendur hafi dregið úr þeim vanda, sem við var að etja í því tilliti, þegar sótt var um framlengingu á greiðslustöðvun.

Reikning sinn á hendur Miðfelli hf. hafa áfrýjendur gert vegna starfa sem aðstoðarmenn við greiðslustöðvun. Félagið náði ekki því meginmarkmiði að afstýra gjaldþroti, en áfrýjendur eiga samt rétt til þóknunar. Um forgangsrétt hennar vegna í þrotabúi félagsins eru þeir háðir fyrrgreindu ákvæði 9. tl. 84. gr. skiptalaga, sem kveður á um mat skiptaráðanda á sanngjarnri þóknun vegna starfanna. Kröfur ákvæðisins um líklegan árangur og nauðsyn kostnaðar ber að skoða í ljósi þess, að um var að ræða heimilaða greiðslustöðvun,

þar sem aðstoðarmenn áttu viðurkenndu hlutverki að gegna. Er ekki unnt að staðfesta það mat skiptaréttarins, sem fram kemur í hinum áfrýjaða úrskurði, og verður réttur áfrýjenda endurmetinn hér fyrir dómi.

Við ákvörðun um það, hvað telja megí sanngjarna þóknun til áfrýjenda vegna umræddra starfa, þykir rétt, eins og málinu er háttað, að líta einkum til þess vinnuframlags, sem þeir inntu af hendi. Um það hafa áfrýjendur lagt fram skilmerkilegar tíma-skýrslur, sem hafa má hliðsjón af. Að öllu athuguðu telst sú þóknun áfrýjenda, sem forgangsréttar geti notið, hæfilega ákveðin 1.650.000 krónur. Er þá miðað við verðlag í marsmánuði 1988 og tekið tillit til söluskatts, sem greiða bar af þóknuninni.

Áfrýjendur hafa þegar fengið greiðslur upp í reikning sinn, sem eru nokkuð umfram þessa fjárhæð. Af þeim sökum verður krafa þeirra um forgang í þrotabúi stefnda vegna eftirstöðva reikningsins ekki tekin til greina, og ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Úr því er ekki skorið hér fremur en í héraði, hvort áfrýjendur geti átt almenna kröfu í þrotabúið vegna eftirstöðvanna.

Rétt þykir eftir atvikum, að áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu áfrýjenda, Ingólfs Hjartarsonar og Kristjáns Ólafssonar, um viðurkenningu forgangskröfu á hendur stefnda, þrotabúi Miðfells hf.

Áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 17. mars 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. febrúar 1989.

Sóknaraðilar, Ingólfur Hjartarson héraðsdómslögmaður og Kristján Ólafsson héraðsdómslögmaður, báðir með starfsstöð að Engjateigi 9, Reykjavík, gera þær kröfur, að við skipti á þrotabúi Miðfells hf., Reykjavík, verði krafa þeirra, að fjárhæð 552.972 kr., tekin til greina sem for-

gangskrafa. Einnig krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, þrotabú Miðfells hf., Reykjavík, krefst þess, að hrundið verði kröfum sóknaraðila í málinu og að sóknaraðilum verði gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Bú Miðfells hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 28. mars 1988, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Við upphaf skiptameðferðar búans var Sigurður H. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi í búinu, sem haldinn var 6. september 1988, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Miðfell hf. var umfangsmikið verktakafyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Árið 1987 voru fjárhagserfiðleikar miklir hjá félaginu, og með bréfi til skiptaréttar Reykjavíkur, dagsettu 26. október 1987, fór stjórn félagsins þess á leit, að félaginu yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði. Beiðninni fylgdi m.a. skrá yfir eignir og skuldir félagsins 23. október 1988 (sic) „samkvæmt sérstakri úttekt“, og voru eignir þar taldar að verðmæti samtals 146.984.000 kr., en skuldir samtals 136.720.000 krónur.

Félaginu var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði réttarins, upp kveðnum 29. október 1987, og lá þá fyrir yfirlýsing aðila um, að lögmenirnir Ingólfur Hjartarson og Kristján Ólafsson, sóknaraðilar í máli þessu, yrðu félaginu til aðstoðar við að koma nýrri skipan á fjármál þess.

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1988, fór stjórn Miðfells hf. þess á leit við skiptarétt Reykjavíkur, að heimild félagsins til greiðslustöðvunar yrði framlengd um tvo mánuði samkvæmt heimild í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 6/1978. Beiðni þessi er undirrituð af stjórn Miðfells hf. og af sóknaraðilum, sem með undirritun sinni staðfesta, að þeir samþykki áframhaldandi aðstoð við félagið, verði umbeðin heimild veitt. Þessari beiðni fylgdi m.a. yfirlit um starfsemi félagsins á greiðslustöðvunartímanum og samninga, sem gerðir höfðu verið við ýmsa þá aðila, sem Miðfell hf. hafði verið samningsbundið sem verktaki, lausleg reifun á samningaumleitunum við lánardrottna o.fl. Ekki verður séð af gögnum máls þessa, að beiðni um framlengingu greiðslustöðvunarinnar hafi fylgt neinar upplýsingar, sem bentu til, að matsfjárhæðir eignaliða eða skuldir hefðu breyst frá því, sem áður hafði verið áætlað.

Heimild Miðfells hf. til greiðslustöðvunar var framlengd með úrskurði réttarins, upp kveðnum 28. janúar 1988, um tvo mánuði frá 29. sama mánaðar að telja.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 27. mars 1988, fór stjórn Miðfells hf. þess á leit, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Segir þar m.a., að ekki hafi tekist að endurskipuleggja fjármál félagsins, og muni samningar við lánardrottna um greiðslu skulda fyrirsjáanlega ekki takast, þar sem eignir standi engan veginn undir skuldum. Beiðninni fylgdi m.a. samantekt um skuldir félagsins, en samkvæmt henni eru skuldirnar taldar samtals 267.701.000 kr. auk vaxta til loka marsmánaðar, 36.479.000 kr., samtals 304.180.000 kr. Eignir eru þar metnar á samtals 195.326.000 kr, en þar af er talin til eigna krafa á Hvammsvík hf. „vegna kröfu Útvegsbankans“, 96.114.000 kr., en þessi eignaliður var ekki talinn á þeim lista um eignir félagsins, sem fylgdi upphaflegri beiðni félagsins um heimild til greiðslustöðvunar og getið var hér að framan. Hluthafar í Hvammsvík hf. voru hinir sömu og í Miðfelli hf., og hafði Hvammsvík hf. heimild til greiðslustöðvunar á sama tíma og Miðfell hf. Bú Hvammsvíkur hf. var að beiðni stjórnar félagsins tekið til gjaldþrotaskipta nokkru eftir upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Miðfells hf.

Lögfræðipjónustan hf. gerði Miðfelli hf. reikning, sem dagsettur er 25. mars 1988, og er hann settur fram þannig:

Vinna Lögfræðipjónustunnar hf. tímabilið okt. 1987 til mars 1988.			
Samkv. samkomulagi þóknun reiknuð samkv. gjald-			
skrá LMFÍ, 14. gr. A og 1. mgr. B-liðar	kr.	2.300.000	
Söluskattur 10% af kr. 1.150.000 - 115.000			
Söluskattur 12% af kr. 1.150.000 - 138.000	”	253.000	
Samtals		kr.	2.553.000

Hinn 23. febrúar 1988 greiddi Miðfell hf. sóknaraðilum upp í þóknun vegna vinnu á greiðslustöðvunartíma 1.567.500 kr. Var greiðslan innt af hendi með tveimur skuldabréfum, út gefnum af Júlíusi Einarssyni, samtals að nafnverði 1.200.000 kr., og með skuldabréfi, út gefnu af Sigurði Sigurðssyni, að nafnverði 500.000 kr. Fyrirnefndu bréfin átti að greiða á tveimur árum, og fengu sóknaraðilar þau sem greiðslu með 9% afföllum (1.092.000 kr.), en síðastnefnda bréfið átti að greiða á einu ári, og fengu sóknaraðilar það bréf sem greiðslu með 5% afföllum (475.500 kr.). Öll þessi bréf voru hluti söluverðs tækja úr eigu Miðfells hf., sem seld voru, um leið og bréfin voru gefin út.

Hinn 4. mars 1988 fengu sóknaraðilar frá Miðfelli hf. greiðslu upp í þóknun sína fyrir vinnu á greiðslustöðvunartímanum, 352.410 kr. Var greiðslan innt af hendi með framsali reikningskröfu Miðfells hf. á hendur tilteknum viðskiptamanni Miðfells hf., en reikningurinn var dagsettur 9. deember 1987.

Hinn 24. mars 1988 færði Lögfræðipjónustan hf. inneign Miðfells hf.

vegna innheimtra krafna fyrir Miðfell hf., 80.118,32 kr., upp í þóknun sóknaraðila fyrir vinnu á greiðslustöðvunartímanum.

Með kröfulýsingu, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík 16. júní 1988, lýstu sóknaraðilar kröfu í þrotabú Miðfells hf. Er þess þar krafist, að eftirstöðvar reiknings þeirra vegna vinnu þeirra og starfsfólks Lögfræðipjónustunnar hf. vegna aðstoðar við stjórn og framkvæmdastjóra Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum verði teknar til greina sem forgangskrafa, að fjárhæð 552.972 kr., þ.e. 2.553.000 kr., að frádregnum innborgunum, að fjárhæð samtals 2.000.028 krónur.

Skiptastjóri þrotabúsins hefur hafnað kröfu þessari, og er af þeim ágreiningi sprottið mál þetta.

Undir rekstri málsins hafa sóknaraðilar lagt fram framsal frá Lögfræðipjónustunni hf. til sóknaraðila á kröfu Lögfræðipjónustunnar hf. vegna þeirrar þóknunar, sem málið varðar.

III.

Sóknaraðilar gera þá grein fyrir upphafi þeirra viðskipta, sem mál þetta snýst um, að forráðamenn Miðfells hf. hafi í byrjun október 1987 sett sig í samband við Ingólf Hjartarson hdl., annan sóknaraðila máls þessa, og óskað eftir aðstoð vegna greiðsluerfiðleika félagsins. Eftir ýtarlegar viðræður við framkvæmdastjóra félagsins, stjórn þess og hluthafa hafi verið ákveðið að leita eftir heimild til greiðslustöðvunar. Jafnframt hafi þá verið gengið frá því, að sóknaraðilar myndu verða félaginu til aðstoðar við undirbúning greiðslustöðvunarinnar og á greiðslustöðvunartímanum, ef slík heimild fengist.

Forráðamenn Miðfells hf. hafi talið heppilegt, að tveir lögmenn á vegum Lögfræðipjónustunnar hf. ynnu að fyrirsjáanlegum verkefnum fyrir Miðfell hf., en sóknaraðilar starfa báðir hjá Lögfræðipjónustunni hf.

Veruleg vinna hafi verið lögð í að afla upplýsinga um eigna- og skuldastöðu Miðfells hf., eins og greiðslustöðvunarbeiðni raunar beri með sér. Þessi vinna hafi reynst erfiðari en ella, þar sem bókhald félagsins hafði ekki verið fært sem skyldi, nýr framkvæmdastjóri verið ráðinn og aðaleigandi og stjórnarformaður Miðfells hf. veikst alvarlega, þegar þetta stóð yfir.

Miðfell hf. hafi fengið greiðslustöðvun til þriggja mánaða frá 29. október 1987 að telja, og í janúar 1988 hafi greiðslustöðvunartíminn verið framlengdur um tvo mánuði til viðbótar.

Í lok greiðslustöðvunartímabilsins hafi verið orðið ljóst, að ekki tækist að endurskipuleggja fjármál fyrirtækisins og samningar við lánardrottna myndu ekki takast, þar sem eignir þess stóðu engan veginn undir skuldum. Hafi stjórn félagsins þá farið fram á, að bú Miðfells hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðilar reisa kröfur sínar á því, að forráðamönnum Miðfells hf. hafi verið gerð grein fyrir því, þegar er þeir óskuðu eftir þjónustu sóknaraðila, hvernig vinna við greiðslustöðvun væri verðlögð samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þeim hafi verið fullljóst, að vinnuframlag lögmannanna á greiðslustöðvunartíma yrði verulegt, og þeir hafi óskað eftir því, að sóknaraðilar sinntu þessu verkefni saman. Hafi enn fremur verið gert ráð fyrir, að þóknun yrði reiknuð með 25% álagi, ef markmið greiðslustöðvunar tækist.

Sóknaraðilar halda því fram, að „með hliðsjón af þeirri venju, sem myndast hefur, sbr. álit stjórnar LMFÍ frá 12. febr. 1976, sbr. Fréttabréf LMFÍ, 5. árg., 3. tbl., og í samræmi við samkomulag sóknaraðila við forráðamenn Miðfells hf. hefði þóknunarreikningur á grundvelli 14. gr. gjaldskrár LMFÍ geta numið ... samt. 3.134.000 kr. auk sölugjalds“.

Veruleg vinna hafi verið í það lögð af sóknaraðilum að ná samningum við alla verkkaupa Miðfells hf. og forða fyrirtækinu frá bótakröfum og dagsektum, jafnframt því sem slíkir samningar hafi tryggt verkefni fyrir starfsmenn, sem hafi verið milli 50 og 60 talsins, a.m.k. út uppsagnarfrest. Samningar, sem gerðir hafi verið, hafi sparað félaginu tugi milljóna króna. Einnig hafi mikill tími farið í að ná samningum við ýmsa lánardrottna félagsins, undirverktaka og verkalýðsfélög, svo að unnt væri að halda áfram daglegum rekstri og ljúka verkum án uppgjors á kröfum þeirra. Þá hafi farið fram alvarlegar samningaumleitanir við alla helstu kröfuhafa fyrirtækisins, en ljóst hafi verið, að niðurstaða þeirra samninga myndi skipta sköpum um það, á hvern hátt unnt yrði að semja við aðra minni kröfuhafa. Þá hafi einnig farið fram viðræður við nokkur verktakafyrirtæki um hugsanlega yfirtöku eða samstarf í tengslum við endurskipulagningu Miðfells hf. á þessum tíma. Sölutilraunir á fasteign félagsins hafi tengst þessum samningum svo og sölutilraunir Hvammsvíkur hf. á eignum, sem Miðfell hf. hafði selt því félagi og var enn í greiðsluábyrgð fyrir. Mikil vinna hafi einnig verið lögð í að fá inn allar kröfur frá lánardrottnum og staðreyna þær með samanburði við bókhald. Veðbundnar kröfur og forgangskröfur hafi verið kannaðar sérstaklega. Sóknaraðilar kveða sölu-tregðu á eignum félagsins hafa fyrst og fremst hindrað tilraunir Miðfells hf. til uppgjors við kröfuhafa.

Sóknaraðilar hafi á umræddum tíma stuðlað að sölu á ýmsum eignum Miðfells hf. og lagt grunn að sölu á fleiri eignum. Einnig hafi útistandandi kröfur félagsins verið sannreyndar með innheimtuaðgerðum, án þess að tekin væri fyrir það sérstök þóknun.

Sóknaraðilar halda því fram, að við úrlausn um kröfu þeirra beri sérstaklega að líta til þess, að veikindi aðalhluthafa í Miðfelli hf., Leifs Hannessonar, og ráðning nýs framkvæmdastjóra í tengslum við greiðslu-

stöðvunina hafi leitt til þess, að enn frekar hafi verið leitað til sóknaraðila um úrlausn daglegra vandamála við rekstur félagsins en ella hefði verið.

Sóknaraðilar halda því fram, að þeir og starfsmenn sínir hafi lagt í þetta verkefni um 700 vinnustundir, og hafi mikill hluti þess verið utan reglulegs dagvinnutíma. Hafi sóknaraðilar því talið þóknunarreikning sinn sanngjarnan og innan þeirra marka, sem gjaldskrá Lögmannafélags Íslands heimilar fyrir slíka þjónustu og samið hafi verið um við forráðamenn Miðfells hf.

Sóknaraðilar vísa um stöðu kröfu sinnar í skuldaröð til 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979. Samkvæmt því ákvæði njóti krafa sóknaraðila forgangsréttar, þar sem um sé að ræða sanngjarna þóknun fyrir störf við að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. síðustu mánuðina, áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

IV.

Af hálfu varnaraðila eru kröfur í málinu á því reistar, að þóknunarreikningur sóknaraðila sé allt of hár og ósanngjarn miðað við þau störf, sem þeir inntu af hendi í þágu Miðfells hf., og árangur af þeim störfum.

Varnaraðili telur það skilyrði forgangsréttar samkvæmt 9. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að um sé að ræða sanngjarna þóknun og nauðsynlegan kostnað vegna tilrauna til samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál þess, sem aðstoðarinnar naut. Samkvæmt þessu lagaákvæði úrskurði skiptaráðandi um réttmæti og fjárhæð sanngjarnrar þóknunar fyrir slík störf. Í því efni sé skiptaráðandi óbundinn af hvers konar samningum, sem sóknaraðilar kunni af hafa gert við forsvarsmenn Miðfells hf., og hafi slíkir samningar ekkert sjálfstætt gildi fyrir úrlausn um það, hvað hér teljist sanngjörn þóknun. Sóknaraðilum hafi og verið óheimilt að taka sér innborganir á þóknun sína, að minnsta kosti í þeim mæli, sem þeir hafi gert.

Varnaraðili telur nefnt ákvæði skiptalaga setja þrjú skilyrði fyrir því, að krafa eins og sú, sem hér um ræðir, njóti forgangsréttar. Í fyrsta lagi þurfi samningstilraunir að hafa verið gerðar, í öðru lagi verði þær að hafa verið líklegar til árangurs, og í þriðja lagi verði þóknun að vera sanngjörn og kostnaður nauðsynlegur. Telur varnaraðili mjög vafasamt, að fyrri tvö skilyrðin séu hér fyrir hendi og alls ekki hið þriðja.

Varnaraðili heldur því fram, að miðað við þær upplýsingar og gögn, sem fyrir lágu, þegar greiðslustöðvunar var beiðst 28. október 1987, hafi þeim aðilum, sem að greiðslustöðvunarbeiðninni stóðu, mátt vera það ljóst, að gjaldþrot félagsins væri óumflýjanlegt og að tilraunir til samninga um uppgjör við kröfuhafa og til að koma nýrri skipan á fjármál þess væru fyrir fram vonlitlar, ef ekki vonlausar. Hafi þeim ekki verið það ljóst í

upphafi, hafi það a.m.k. verið það 26. janúar 1988, þegar beðið var um framlengingu greiðslustöðvunar.

Varnaraðili telur það andstætt tilgangi 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, að kröfuhafar (í þessu tilviki forgangskröfuhafar) þurfi að fjármagna kostnaðarsamar og fyrir fram vonlausar tilraunir til að afstýra gjaldþroti. Því aðeins beri að taka slíkar kröfur til greina sem forgangskröfur, að sýnt sé fram á með óyggjandi hætti, að verulegar líkur hafi verið á því, að tilraunin heppnaðist og því réttlætanlegt að leggja í kostnað vegna hennar. Hafi sóknaraðilar ekki sýnt fram á, að svo hafi verið í þessu tilviki.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilar hafi ekki sýnt fram á, að tilraunir til að koma nýrri skipan á fjármál Miðfells hf. hafi raunverulega verið gerðar, meðan greiðslustöðvunin stóð, enda hafi forsendur þess aldrei verið fyrir hendi. Telur varnaraðili, að slíkar tilraunir hafi aldrei komist lengra en á undirbúningsstig. Sanngjörn þóknun fyrir slíkan undirbúning myndi falla undir 9. tölulið 84. gr. skiptalaganna, en ekki þóknun sóknaraðila fyrir önnur störf í þágu Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum.

Varnaraðili telur þóknunarreikning sóknaraðila allt of háan og að þeir hafi ekki heimild til að reikna sér þóknun á grundvelli 1. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Þetta gjaldskrárákvæði miðist við, að raunverulegar tilraunir til uppgjörs við kröfuhafa hafi farið fram, en ekki verði séð af gögnum málsins, að sóknaraðilar hafi gert slíkar tilraunir í þeim mæli, að til mála geti komið að ákveða þeim þóknun fyrir þær eftir þessu gjaldskrárákvæði. Samkvæmt framlögðum gögnum virðist störf sóknaraðila í þessa átt aðallega hafa verið í því fólgin að kanna og afla upplýsinga og gagna um skulda- og eignastöðu félagsins og að kanna söluverðmæti og sölumöguleika á eignum þess. Þá muni sóknaraðilar hafa átt einhverjar viðræður við Útvegsbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands og ef til vill einhverja aðra kröfuhafa, en varnaraðili mótmælir því, að þær viðræður hafi komist á það stig, að kallast geti tilraun til uppgjörs við kröfuhafa. Fallist rétturinn á það með sóknaraðilum, að þóknunina beri að reikna út frá 1. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, heldur varnaraðili því fram, að 1% af fjárhæð skulda sé allt of há viðmiðun í þessu tilviki.

Varnaraðili heldur því fram, að til greina geti komið, að störf sóknaraðila í þágu Miðfells hf. á greiðslustöðvunartímanum falli að einhverju leyti undir 2. mgr. b-liðar 14. gr. gjaldskrárinnar, en samkvæmt því ákvæði skuli þóknun að jafnaði ekki nema hærri hundraðshluta en 0,5% af fjárhæð skulda auk grunngjalds og þóknunar samkvæmt lið a. Væri þetta gjaldskrárákvæði lagt til grundvallar eða haft til hliðsjónar við úrskurð um sanngjarna þóknun til sóknaraðila, myndi hún nema a.m.k. helmingi lægri fjárhæð en þóknunarreikningur þeirra.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilum hafi verið með öllu óheimilt að taka sér greiðslur upp í væntanlegan reikning sinn með þeim hætti, sem þeir gerðu. Þegar greiðslurnar fóru fram, hafi sóknaraðilum verið ljóst, að gjaldþrot félagsins var óumflýjanlegt og að litlar líkur væru á því, að forgangskröfur í búinu greiddust að fullu. Sóknaraðilum hafi að réttu lagi borið að lýsa kröfu um sanngjarna þóknun og leggja hana undir úrskurð skiptaráðanda, eins og 9. töluliður 84. gr. skiptalaga mæli fyrir um, og setta sig við, að með þá kröfu yrði farið í búinu sem aðrar forgangskröfur. Í þess stað hafi sóknaraðilar notfært sér aðstöðu sína til að taka skuldabréf og kröfur á þriðja aðila til greiðslu upp í þóknun sína. Við munnlegan málflutning áréttaði lögmaður varnaraðila þetta atriði sérstaklega í ljósi þess, að sýnt þykir, að kröfur samkvæmt 84. gr. skiptalaga muni ekki greiðast að fullu við úthlutun úr þrotabúi Miðfells hf.

V.

Við aðalmeðferð málsins gaf Karl M. Kristjánsson viðskiptafræðingur, sem var framkvæmdastjóri Miðfells hf. þann tíma, sem hér um ræðir, munnlega vitnaskýrslu.

Sóknaraðilar hafa lagt fram yfirlit um skráningu vinnustunda, sem þeir hafi notað í þjónustu Miðfells hf. á þeim tíma, sem málið varðar. Samkvæmt þeirri samantekt hafa þeir varið 630,75 vinnustundum við þetta viðfangsefni á tímabilinu frá október 1987 til mars 1988. Í þessu yfirliti segir m.a.:

„...Í meðf. tímaskráningu er þó eingöngu farið eftir skráðum tímum. Er þó ljóst, að ekki hafa verið bókaðir allir þeir tímar, er unnið var fyrir Miðfell hf. Þá er einnig á það að líta, að þessa mánuði voru styttri símtöl og stutt viðtöl ekki skráð. Má hiklaust áætla miðað við, hversu mikið var hringt af kröfuhöfum, lögmönnum og starfsfólki Miðfells hf., um 30 til 40 klst. í það. Þá má áætla svipaðan tímafjölda vegna skráningar, sem hefur fallið niður. Jafnframt er ljóst, að skrifstofustúlkur Lögfræðipjónustunnar hf. unnu töluverða vinnu í tengslum við greiðslustöðvunina, en sú vinna hefur ekki verið skráð. Má hiklaust áætla hana um 70 til 100 klst. ...”

Samkvæmt 9. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, er sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál skuldara, og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir meðal forgangskrafna við skipti á þrotabúi næst á eftir þeim kröfum, sem greindar eru í 82. og 83. gr. laganna.

Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem reikningur sóknaraðila í málinu

er reiknaður út frá, og fréttabréf stjórnar þess félagsskapar eru ekki sjálfstæðar réttarheimildir, en gjaldskráin getur þó verið meðal þeirra gagna, sem til skoðunar geta komið, þegar sanngjörn þóknun er ákvörðuð eftir nefndu ákvæði skiptalaganna. Enda þótt varnaraðili hafi mótmælt reikningi sóknaraðila sem ósanngjörnum og allt of háum, hefur sóknaraðili ekki lagt fram þá gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem reikningurinn er byggður á.

Enda þótt sóknaraðilar hafi fengið reikning sinn greiddan í þeim mæli, sem rakið hefur verið, þykir það ekki girða fyrir, að því verði slegið föstu með úrskurði þessum, hvað teljist hæfileg þóknun til handa sóknaraðilum fyrir þau störf, er fallið geta undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, jafnvel þótt hún teldist vera lægri en sú fjárhæð, er þeir hafa þegar fengið greidda. Þykir sú niðurstaða ekki fara í bága við dóm Hæstaréttar, upp kveðinn 22. janúar 1988 í hæstaréttarmálinu nr. 167/1987.

Fyrir liggur í málinu og er ekki umdeilt, að skrifstofuhald og uppfærsla bókhalds hjá Miðfelli hf. var í verulegu ólagi, þegar stjórnendur félagsins leituðu þjónustu hjá sóknaraðilum, sem átti að miða að því að koma nýrri skipan á fjármál þess. Um líkt leyti urðu einnig framkvæmdastjóraskipti hjá félaginu, og var hinn nýi framkvæmdastjóri ekki gjörkunnugur öllum þeim málum, sem úrslitum réðu um það, hvort þetta ætlunarverkefni tækist.

Sýnt þykir af skýrslum sóknaraðila og framkvæmdastjóra Miðfells hf. til stjórnar og hluthafa í Miðfelli hf., meðan á greiðslustöðvun stóð, og öðrum gögnum málsins, að megináhersla var á það lögð af þessum aðilum á greiðslustöðvunartímanum að gera samninga við einstaka verkkaupa, sem Miðfell hf. hafði gert verksamninga við, svo að verklok og fjárhagslegt uppgjör verka yrði með öðrum hætti en hinir upphaflegu verksamningar ráðgerðu. Virðist minni vinna hafa verið lögð í að safna gögnum um það, sem telja verður megintilgang greiðslustöðvunar samkvæmt II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þ.e., hvort fjárhagsleg staða félagsins yfirleitt væri slík, að einhverjir möguleikar væru á því að koma nýrri skipan á fjármál þess og forðast gjaldþrot.

Sýnt þykir, að sóknaraðilum mátti vera ljóst, þegar óskað var framlengingar greiðslustöðvunar 26. janúar 1988, að engar líkur voru á því, að takast mætti að rétta við fjárhag Miðfells hf. Höfðu þeir þá haft góðan tíma til að kanna veðbönd á helstu eignum félagsins, en þau voru miklu meiri en svo, að líklegt söluverð þessara eigna á frjálsum markaði nægði til að greiða þær kröfur, er þannig voru tryggðar. Þá hafði þeim einnig gefist gott ráðrúm til viðræðna við þá kröfuhafa, sem fóru með mestar kröfur á hendur félaginu. Slíkar athuganir höfðu þó aðeins að litlu leyti verið gerðar, heldur mestum tíma varið til að semja Miðfell hf. frá verkum,

svo sem rakið var, en það var umfram allt til hagsbóta fyrir hluthafa í Miðfelli hf., að slíkir samningar voru gerðir, þar sem þeir höfðu persónulega tekið á sig fjárhagslega ábyrgð á ýmsum verktryggingum, sem settar höfðu verið samkvæmt ýmsum þessara samninga. Við skiptameðferð á þrotabúi Miðfells hf. hefur það komið skýrt fram, að þessar aðgerðir komu ekki skuldheimtumönnum Miðfells hf. almennt að gagni, þar sem kröfur samkvæmt umræddum verksamningum hefðu aðeins orðið almennar kröfur í búið og ekkert fengist upp í þær fremur en aðrar slíkar kröfur.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að telja mestan hluta vinnu sóknaraðila á greiðslustöðvunartímanum hafa umfram allt þjónað hagsmunum hluthafa í Miðfelli hf., en ekki verið til þess fallinn að koma nýrri skipan á fjárhag félagsins. Allt að einu þykja sóknaraðilar eiga rétt á nokkurri þóknun, er felld verði undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga, fyrir þann hluta vinnu sinnar á greiðslustöðvunartímanum, sem varið var til að kanna fjárhagsstöðu félagsins. Verður sú fjárhæð ákveðin með hliðsjón af því, hvað ætla megi, að þurft hafi til að meta raunverulega möguleika félagsins til að komast í gegnum fjárhagsvanda þann, sem við var að glíma. Þykir sanngjörn þóknun samkvæmt því hæfilega ákveðin 700.000 kr., og er þá tillit tekið til þess, að samfara slíkri athugun hlaut óhjákvæmilega nokkur vinna að fara fram við önnur brýn viðfangsefni, sem biðu úrlausnar hjá félaginu. Einnig er þá tillit tekið til þess, að greiða verður söluskatt af slíkri þóknun. Miðast þessi þóknun við verðlag í lok mars 1988, þ.e. þann tíma, er greiðslustöðvun Miðfells hf. rann út.

Sóknaraðilar höfðu fengið greiðslur upp í þóknun sína umfram þá fjárhæð, sem þeim er ákveðin samkvæmt úrskurði þessum fyrir störf, er falla undir ákvæði 9. töluliðar 84. gr. skiptalaga. Verður því að líta svo á, að þessi hluti reiknings sóknaraðila hafi þegar verið greiddur, en það er ekki til úrlausnar í málinu, hvort eftirstöðvar reiknings þeirra skuli viðurkenndar sem almenn krafa í þrotabúi Miðfells hf. Kröfum sóknaraðila í málinu er því hafnað. Með vísan til 35. gr. skiptalaga verður ekki í úrskurði þessum tekin afstaða til þess, hvort sóknaraðilum beri að endurgreiða þrotabúi Miðfells hf. hluta þess, sem þeir höfðu fengið greitt upp í þóknun sína á greiðslustöðvunartímanum, enda eru ekki gerðar um það kröfur í málinu.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af því, hvern hátt sóknaraðilar höfðu á uppgjöri þóknunar sinnar, verður þeim in solidum gert að greiða varnaraðila málskostnað í máli þessu samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936, og þykir hann hæfilega ákveðinn 100.000 kr., og er þá tekið tillit til þess, að greiða verður söluskatt af lögmannspjónustu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu úrskurðarins vegna mikils annríkis dómarsans.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Ingólfs Hjartarsonar og Kristjáns Ólafssonar, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila, þrotabúi Miðfells hf., in solidum 100.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.
